

## 27. fundur í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vesturlands

Fundur haldinn í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vesturlands mánudaginn 13. janúar 2025 kl. 10:00 að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.

Mætt voru:

**Úthlutunarnefnd:** Jónína Erna Arnardóttir, formaður, Brynjar Sigurðarson, Gyða Steinsdóttir, Jóhanna María Sigmundsdóttir og Magnús Smári Snorrason.

**Auk þess sátu fundinn eftirtaldir starfsmenn SSV:** Sigursteinn Sigurðsson í menningarhluta fundarins. Hrafnhildur Tryggvadóttir, Helga Guðjónsdóttir og Ólöf Guðmundsdóttir í atvinnu- og nýsköpunarhluta fundarins og Svala Svavarsdóttir allan fundinn og jafnframt ritaði fundargerð.

### 1. Fundarsetning

Jónína setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hún gaf Svölu Svavarsdóttur orðið sem fór yfir skipulag fundarins.

### 2. Umsóknir um menningarstyrki og stofn- og rekstrarstyrki til menningar 2025

Úthlutunarnefnd fór yfir allar umsóknir sem bárust í hluta stofn- og rekstrarstyrkja annars vegar og menningarstyrkja hins vegar og ræddu mat fagraðs. Samþykkt var að úthluta í stofn- og rekstrarstyrki kr. 4.700.000 til 6 umsókna en alls bárust 6 umsóknir í þann hluta. Einnig var samþykkt að úthluta kr. 32.240.000 til 47 umsókna en alls bárust 83 umsóknir í þann hluta.

### 3. Umsóknir um atvinnu- og nýsköpunarstyrki - fyrri úthlutun 2025

Úthlutunarnefnd fór yfir allar umsóknirnar sem bárust í seinni úthlutun til atvinnu- og

nýsköpunarverkefna. Samþykkt var að úthluta kr. 11.500.000 til 15 umsókna en alls bárust 22 umsóknir.

#### **4. Niðurfelling styrkja**

Ekki voru lagðar fram neinar tillögur um niðurfellingar á styrkjum að þessu sinni.

#### **5. Sóknaráætlun 2025-2029 tekur gildi**

Í þessari úthlutun gildi Sóknaráætlun 2020-2024 þar sem ný Sóknaráætlun var ekki útgefin þegar auglýst var eftir styrkjum. Sóknaráætlun Vesturlands 2025-2029 mun nú taka gildi og verður úthlutunarnefnd kölluð til í vor til að yfirfara úthlutunarreglur og fleira með tilliti til nýrrar Sóknaráætlunar.

#### **6. Úthlutunarhátíð**

Rætt um úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Starfsmönnum SSV ásamt Jónínu formanni falið að ákveða staðsetningu og tímasetningu en hún er áætluð um miðjan janúar 2025.

Fundi slitið kl. 15:17.